



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Verkvít húsamíðir ehf  
Suðurbyggð 3  
600 Akureyri

25. apríl 2018  
MÍ201802-0015 / 6.06 / 3690

### Lundargata 13, Akureyri – viðgerð og breytingar

Í tölvupósti dags. 19.04.2018 leitar Haddur Júlíus Stefánsson húsamíðameistari eftir álti Minjastofnunar Íslands vegna Lundargötu 13 á Akureyri. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir Kollgátu af breytingunni dags. 11.04.2018. Sótt er um að fjarlægja forskalningu af húsinu og klæða það með aluzink bárujárn, smíða í það nýja glugga að fyrirmund eins upprunalegs „T-pósta“ glugga sem eftir er í húsinu, stækka viðbyggingu lítið eitt og breyta dyra- og gluggaskipan á suðurstafni og á suðurhlíð viðbyggingar.

Lundargata 13 er einlyft timburhús á kjallara og með risi. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1897 og er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skyld að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

*Minjastofnun Íslands fagnar áformum um viðgerðir á Lundargötu 13. Gatan einkennist af fingerðum timburhúsum og lögð er áhersla á að grunnform og hlutföll hússins verði varðveislt. Minjastofnun samþykkir að forskalning verði fjarlægð utan af húsinu og það klætt með bárujární í staðinn auk þess að settir verði njir gluggar í húsið sem betur falla að upprunalegri gerð þess. Einnig er fallist á stækkan viðbyggingar, breytingar á dyra- og gluggaskipan á suðurhlíð hússins og hækkan þaks svo koma megi fyrir einangrun og loftun.*

*Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna og dyra skal taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deillilausnum bárujárnslæddra timburhúsa frá sama tíma. Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningarit Húsafríðunarnefndar um tréglugga og útveggjaklæðningar sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Deili- og sérteikningar af gluggum, hurðum og þaki skal senda Minjastofnun til umsagnar og samþykktar. Komi í ljós fornminjar við uppröft skal stöðva framkvæmdir og tilkynna Minjastofnun um fundinn án tafar.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Rúnar Leifsson  
Minjavörður Norðurlands eystra

María Gísladóttir  
arkitekt, verkefnastjóri

*Rúnar Leifsson María Gísladóttir*